

Mánudaginn 13. febrúar 1978.

Nr. 173/1976. **Halldór Magnússon og**
Almennar Tryggingar h/f
 (Guðmundur Pétursson hrl.)
 gegn
Sigurði Adolfssyni og gagnsök
 (Guðjón Steingrímsson hrl.).

Bifreiðar. Abyrgð á dýrum. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Guðmundur L. Jóhannesson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 27. september 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. s. m. Krefjast þeir aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. Til vara krefjast aðaláfrýjendur verulegrar lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda, enda verði skipt sök á slysi því, sem um er fjallað í málinu. „Verði varakrafan tekin til greina, er krafist skuldajöfnunar við tjón“ aðaláfrýjenda „kr. 178.142 í hlutfalli við sök“. Þá krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. september 1976. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér óskipt 180.000 krónur með 14% ársvöxtum frá 30. mars 1975 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi aðaláfrýjenda.

Fyrir Hæstarétti hefur verið upplýst, að hestur gagnáfrýjanda hafi orðið fyrir bifreið aðaláfrýjandans Halldórs á Reykjanesbraut innan marka Garðahrepps. Hafa ákvæði lögreglusamþykktar fyrir Hafnarfjarðarkaupstað nr. 80/1928 því eigi þýðingu við úrlausn máls þessa.

Gagnáfrýjandi og menn þeir, sem með honum voru, ráku

hross sín frá Rjúpnahæð eftir Elliðavatnsvegi, sem í héraðsdómi er nefndur „Flóttamannavegur“, að hesthúsum við Kaldárselsveg, örskammt innan bæjarmarka Hafnarfjarðar-kaupstaðar. Svo má heita, að sú leið öll sé innan marka Garðahrepps í Kjósarsýslu, og verður því að ætla, að þar hafi hestur gagnáfrýjanda tapast úr rekstrinum. Rekstur hrossa á þessari leið verður út af fyrir sig ekki talinn brot á 63. gr. eða 64. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og ekki varðaði hann við nein ákvæði lögreglusamþykktar fyrir Kjósarsýslu nr. 146/1941. Að því leyti sem vera kann, að eigi hafi verið fylgt fyrirmælum niðurlagsákvæðis 2. mgr. 64. gr. umferðarlaga við reksturinn, þá ræður það ekki úrslitum í þessu máli þegar af þeirri ástæðu, að hestur gagnáfrýjanda varð ekki fyrir bifreið aðaláfrýjandans Halldórs á vegi þeim, sem hrossin voru rekin eftir.

Gagnáfrýjandi hefur að vísu eigi getað gert grein fyrir því, hvar og með hverjum hætti hann og félagar hans töpuðu hestunum úr rekstrinum. Bendir það til þess, að rekstrar-menn hafi eigi fylgst svo vel með hrossunum sem unnt átti að vera. Hitt er með öllu óvíst, hvort hesturinn fór úr rekstrinum nálægt Reykjanesbraut. Gagnáfrýjandi hóf tafarlaust leit að hestinum, er hann saknaði hans, og hélt þeirri leit áfram í birtingu næsta morgun. Þykir óhapp það, sem málið fjallar um, ekki hafa hlotist með þeim atvikum, að rétt sé af þeim sökum að lækka fébætur, sem aðaláfrýjendum ber að greiða honum eftir ákvæðum 1. mgr. 67. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr., og 2. mgr. 74. gr. laga nr. 40/1968. Af sömu ástæðum verður ekki heldur fallist á kröfur aðaláfrýjenda á hendur gagnáfrýjanda um bætur fyrir tjón á bifreiðinni R 4064. Enginn tölulegur ágreiningur er um fjárhæð þá, sem gagnáfrýjandi krefst. Verða dómkröfur hans því teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir reiknast 13% ársvextir.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjendur, Halldór Magnússon og Almennar

Tryggingar h/f, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Sigurði Adolfssyni, 180.000 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 30. mars 1975 og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Gagnáfrýjandi byggir kröfur sínar á ákvæðum 1. mgr. 67. gr. og 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, en aðaláfrýjendur að þessu leyti á ákvæðum 3. mgr. 67. gr. sömu laga.

Leggja verður til grundvallar, að hestarnir hafi tapast úr rekstrinum að óvilja gagnáfrýjanda og annarra rekstrarmanna. Hins vegar ber það vott um hirðuleysi um reksturinn, að hestar skyldu úr honum tapast um hjartan dag, án þess að rekstrarmenn yrðu þess varir. Hrossin voru rekin um svæði nálægt vegum með mikilli og hraðri bifreiðaumferð, og veitti það sérstaka ástæðu til aðgæslu við reksturinn. Verður því að telja gagnáfrýjanda það að nokkru til sakar, að hesturinn skyldi ganga laus á umræddu svæði. Samkvæmt þessu og með vísun til ákvæða 1. og 3. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968 þykir eiga að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um skiptingu fébótaábyrgðar vegna missis hestsins, en verðmæti hans hefur ekki sætt andmælum.

Skuldajafnaðarkröfu sína byggja aðaláfrýjendur hér fyrir dómi á því, að við umræddan atburð hafi orðið skemmdir á bifreiðinni R 4064. Aðaláfrýjandinn Almennar Tryggingar h/f, sem hafði húftryggt bifreiðina og greitt tjónið að hluta, krefst skuldajafnaðar á 163.142 krónum af tjóninu, en aðaláfrýjandinn Halldór krefst skuldajafnaðar á 15.000 krónum, sem var sammingsbundin sjálfsáhætta hans.

Gagnáfrýjandi hefur ekki mótmælt kröfum þessum tölulega, en andmælt því, að þær komist að til skuldajafnaðar. Einnig telur hann, að aðaláfrýjendur geti ekki krafist hann um greiðslu fjár þessa vegna ákvæðis 25. gr. laga nr. 20/1954.

Fallast má á, að aðaláfrýjendum sé rétt að hafa uppi nefndar kröfur til skuldajafnaðar skv. 49. gr. laga nr. 85/1936. Hins vegar verður gáleysi gagnáfrýjanda eigi talið slíkt, að rétt sé að heimila endurkröfu aðaláfrýjanda Almennra Trygginga h/f, sbr. 25. gr. laga nr. 20/1954. Aðaláfrýjandinn Halldór getur hins vegar krafist endurgreiðslu, og þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði honum fjórðung þeirrar fjárhæðar, sem hann krefur um, eða 3.750 krónur.

Samkvæmt þessu teljum við, að aðaláfrýjendum beri að greiða gagnáfrýjanda óskipt 131.250 krónur með 13% ársvöxtum frá 30. mars 1975 til greiðsludags, en upphafstíma vaxta hefur ekki verið andmælt. Þá teljum við, að þeim beri að greiða gagnáfrýjanda 90.000 krónur í málskostnað í hér- aði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 9. apríl 1976

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 19. mars sl., hefur Sigurður Adolfsson, Mávahrauni 29, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu á hendur Halldóri Magnússyni, Hjarðarhaga 54, Reykjavík, og Almennum Tryggingum h/f, Reykjavík, og var hún f. h. stefndu birt Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni 17. okt. 1975.

Stefnandi gerði upphaflega þær dómkröfur, að stefndu yrðu dæmdir til að greiða honum in solidum kr. 200.000 auk 14% ársvaxta frá 30. mars 1975 og málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefndu er aðallega krafist sýknu, en til vara, að kröfur stefnanda verði færðar niður til verulegra muna og þá jafnframt krafist skuldajafnaðar við kröfu stefnanda vegna tjóns þeirra, að upphæð kr. 193.142.

Verði aðalkrafan tekin til greina, áskilja stefndu sér rétt til sjálfstæðrar bótakröfu á hendur stefnanda í sérstöku máli. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda, hvort sem aðal- eða varakrafan verður tekin til greina.

Undir rekstri máls þessa hafa aðiljar orðið ásáttir um að leggja til grundvallar, að hestur sá, sem málið snýst um, skuli talinn að verðgildi kr. 180.000, og hefur stefnandi lækkað kröfu sína úr kr. 200.000 í kr. 180.000.

Stefndu hafa gert endanlega skuldajafnaðarkröfu um kr. 178.142 samkvæmt reikningum um viðgerð á bifreiðinni R 4064 o. fl. og verði skuldajöfnuðurinn í hlutfalli við sök.

MÁLAVEXTIR

Sunnudaginn 30. mars 1975, um kl. 1025, var bifreiðinni R 4064 ekið norður Reykjanesbraut frá Öldugötu í Hafnarfirði, og ók bifreiðinni Jónína Birna Halldórsdóttir, Hjarðarhaga 54, Reykjavík. Veður var bjart og birt af degi. Skammt norðan við Setbergsgveg ók hún bifreiðinni á hest, sem hlaupið hafði út á veginn. Hesturinn slasaðist það mikið, að aflífa varð hann á staðnum. Bifreiðin skemmdist talsvert, dældaðist vélarhlífín og vinstra frambretti og vinstri hurð, hliðarrúða vinstra megin brotnaði og skiptistöngin virtist föst. Þarna er steinsteyptur vegur, og var hann blautur, en ekki sáu lögreglumennirnir, sem komu á staðinn, þar nein hemlaför eftir bifreiðina.

Stefnandi kom og um svipað leyti á slysstaðinn og lýsti því yfir, að hann væri eigandi hestsins, sem var rauðstjörnnóttur að lit, og kvað hann vera 7 vetra gamlan og hann tapað honum úr rekstri kvöldið áður.

Ökumaður bifreiðarinnar, Jónína Birna Halldórsdóttir, skýrði svo frá, að í umrætt sinn hafi hún ekið bifreið föður síns, stefnda Halldórs Magnússonar, R 4064, á um 60 km hraða norður Reykjanesbraut. Hún kvaðst ekki hafa litið á hraðamælinn, en ekið út á Reykjanesbraut frá Öldugötu og því ekki verið um að ræða ráðrúm til að ná verulegum hraða. Hún kveðst hafa ekið á hestinn rétt norðan við Setbergsgveg. Hafði hún skömmu áður verið búin að taka eftir nokkrum krökkum við hægri brún vegarins. Einnhver þeirra hafi verið með reiðhjól, en enginn hjólandi. Hún kvaðst ekki hafa tekið eftir neinum hestum fyrr en tveir hestar hafi allt í einu hlaupið þaðan, sem krakkarnir voru, og þvert yfir veginn. Þeir hafi ekki verið samsíða og enda þótt hún hafi hemlað, um leið og hún sá hestana, hafi bifreiðin lent á hestinum, sem aftar hljóp, og vinstra framhorn bifreiðarinnar farið í lend hestsins og hesturinn við það kastast utan í og aftur með vinstri hlið bifreiðarinnar.

Slysið kvað hún hafa orðið á hægri vegarhelmingi og aðstæður verið þannig, að ef hún hefði beygt til hægri, hefði hún ekið á krakkana, en ef hún hefði beygt til vinstri, þá hefði hún ekið á báða hestana. Hún kvaðst hafa stigið á hemla, um leið og hún sá hestana, og staðið á þeim, þar til bifreiðin stöðvaðist nokkuð frá slysstaðnum. Er henni var bent á, að skv. lögregluskýrslu hefðu hemlaför ekki verið sjáanleg, vísar hún til þess, að vegurinn hafi verið blautur. Aðspurð kvaðst hún ekki hafa dregið úr hraða, er hún varð vör við börnin.

Stefnandi skýrði svo frá, að laugardaginn 26. mars (sic) 1975, hafi hann ásamt 10—11 félögum úr Hestamannafélaginu Sörla í Hafnarfirði farið í útreiðartúr frá Hafnarfirði til Geitháls ofan við Reykjavík. Síðari hluta dagsins hafi verið haldið til baka og riðið veginn meðfram Vífilsstaðavatni fram hjá Urriðakoti og þaðan að hesthúsunum sunnan við Öldur. Hann kvað hvern mann hafa haft tvo til þrjá hesta til reiðar. Á heimleiðinni við Rjúpnahæð hafi þeir hætt að teyma alla lausa hesta og þess í stað rekið þá á undan sér um sem leið liggur eftir gamla Flóttamannaveginum að hesthúsunum við Kaldárselsveg. Þetta hafi verið gert til þæginda, enda vegurinn mjór og yfir tvær þröngar brýr að fara. Auk þess komi það til, að þessi vegur sé afar lítið ekinn á þessum árstíma, sem um ræðir, enda hafi hann verið sundurgrafinn og illfær bifreiðum og þeir ekki orðið varir við neina bifreið á þeirri leið, sem þeir ráku hestana.

Stefnandi var að því spurður, hvernig á því standi, að hann hafi ekki orðið þess var fyrr en við hesthúsið, að hestur hans var horfinn. Svaraði hann því til, að það væri vegna þess, hvernig umrædd leið sé, vegurinn bugðóttur, mishæðóttur og umhverfis hann bæði grýtt og kjarri vaxið. Hann kvaðst hafa stundað hestamennsku á þessum slóðum í nærfellt 20 ár og umræddur vegur ávallt verið mjög notaður til útreiða og alvanalegt, að þar væru rekin hross.

Að umræddum rekstri hafi verið staðið svo sem venja er til, það er að tveir menn hafi riðið á undan hrossahópnum, en aðrir á eftir, þar á meðal stefnandi. Hann kvaðst ekki minnst þess, að hestar hefðu týnst úr rekstri á umræddri leið, og síst af öllu hefði mátt vænta þess í umrætt sinn, þar sem hópurinn var á heimleið og hestar séu ávallt mjög heimfúsir og þá léttreknir.

Aðspurður kvað hann áfengi hafa verið haft um hönd, m. a. af honum sjálfum, en samt mjög í hófi, þannig að ekki hafi séð vín á nokkrum manni, og hann kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa, er hann hafi komið að hesthúsunum um kvöldmatarleytið. Þá hafi verið farið að rökkva nokkuð, en hann og Eyjólfur Þorsteinsson hafi þegar farið í bifreið hins síðarnefnda og leitað að hestunum alveg fram í myrkur, m. a. farið að Rjúpnahæð. Í birtingu daginn eftir hafi hann hafið leit að nýju og þá farið inn að skeiðvelli Fáks.

Vitnið Eyjólfur Þorsteinsson verkstjóri, Álfaskeiði 72, Hafnarfirði, kvaðst hafa farið þennan umrædda dag riðandi norður eftir Flóttamannavegi og hitt stefnanda ásamt fleirum í hópi á

Rjúpnahæð, þar sem þeir höfðu áð, og það slegist í hópinn með þeim og riðið með þeim aftur til Hafnarfjarðar, og minntist það þess ekki, að áð hafi verið á leiðinni. Það kvað 10—15 hesta hafa verið lausa og þeir verið reknir á undan hópnum, en ekki minntist vitnið þess, hvort nokkur hafi riðið á undan þeim. Það hefði tekið eftir, að menn í hópnum höfðu almennt bragðað vín, en ekki hafi þeir verið áberandi ölvaðir. 4—5 úr hópnum hafi farið að hesthúsi þess og stefnanda, og er þangað var komið, kom í ljós, að einn af lausu hestunum vantaði, hest stefnanda, og það farið með stefnanda í bíl sínum að leita hans og þeir ekið m. a. að Vífilsstaðavatni, en ekki fundið, og þar sem myrkur var þá að skella á, urðu þeir að hætta leitinni án þess að fina hestinn.

Framangreint vitni og vitnin Ármann Eiríksson, Fögrukinn 10, Hafnarfirði, og Bergur Hjartarson, Kvíholti 14, Hafnarfirði, hafa gefið út yfirlýsingu, sem þau hafa staðfest hér fyrir dómi, um, að umræddur hestur hafi verið afburðagæðingur, með öllum gangi, kominn út af hinu landsfræga Nökkva-kyni frá Hólmi í Horna-firði.

Fram kom hjá vitnunum Eyjólfu og Ármanni, að þau höfðu ekki komið á bak hestinum, en fylgst með, og kvaðst Eyjólfur hafa tekið eftir, að hann tók framförum í meðförum stefnanda. Til merkis um, að um afburðagæðing væri að ræða, nefndi vitnið Eyjólfur, að hesturinn hafi verið með öllum gangi, viljugur og vel reistur undir stefnanda.

Vitnið Ármann kvað hestinn hafa verið hágengan og það séð, að hann fór bæði á brokki og tölta, og því litist svo á, að hann væri viljaklár, og stefnandi tjáð því, að hann hefði tekið úr honum skeiðspretti.

Þá hefur verið lögð fram í réttinum svohljóðandi yfirlýsing um hestinn frá Þorvaldi G. Ágústssyni, Stóragerði 11, Hvolsvelli, og Eyjólfu Ísólfsyni, Stóra-Hofi, Rangárvallasýslu: „Hesturinn var fallegur reiðrestur með allan gang, rúman og mjúkan, gæðingur.

Við undirritaðir komum báðir á bak hestinum í byrjun mars og vorum sammála um ágæti hans. Annar okkar, Eyjólfur, falaði þá hestinn fyrir 200 þúsund krónur, en hann fékkst ekki keyptur fyrir þá upphæð.“

Vitnið Eyjólfur Ísólfsen staðfesti hér fyrir dómi, að yfirlýsing þessi væri rétt. Það kvaðst hafa verið að leita sér að hesti, sem það ætlaði að nota fyrir úrtökukeppni til Evrópumeistaramóts, sem fram átti að fara í júní 1975, og í því sambandi skoðað um-

ræddan hest stefnanda þá veturinn á undan. Það kvað hestinn hafa verið rauðstjörnóttan, frá Klauf í Landeyjum, og því litist vel á hann. Það kvaðst hafa reynt hann og kvað hestinn hafa verið mjög alhliða, þ. e. verið jafnvígan á öllum gangtegundum, en hann hefði haft allan gang og það mjúklegan og háan gang, þá hafi hann haft þjálán og léttan fjörvilja, og hann nægan. Það kvað hestinn ekki hafa verið falan fyrir kr. 200.000.

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 beri stefndi ábyrgð á tjóninu og hafi stefnandi ekki orðið meðvaldur eða meðábyrgur að tjóninu, svo að til lækkunar bóta eigi að koma skv. 3. mgr. 67. gr. laganna. Hesturinn hafi ekki verið í vörslum hans, þegar tjónið varð, og hann verði ekki sakaður um að hafa sýnt af sér hirðuleysi, þótt hann hefði hestinn í rekstri á fáförnum vegi, en um hafi verið að ræða eðlilegan rekstur utan þéttbýlis og ekki sýnt fram á, að slysið sé sennileg afleiðing rekstrarins. Hins vegar eigi ökumaður R 4064 einn sök á tjóninu með of hröðum og ógætilegum akstri miðað við aðstæður, sem fram komi m. a. í því, að hann hafi ekki dregið úr ferð, þó að hann færi fram hjá hópi barna með reiðhjól rétt fyrir slysið.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að samkvæmt 64. gr. umferðarlaga sé óheimilt að reka hópa búfjár á vegum í þéttbýli, nema sérstakt leyfi lögreglustjórans komi til, en ekkert liggi fyrir í málinu því til staðfestingar, að slíkt leyfi hafi verið veitt. Stefnandi viðurkenni að hafa rekið hestinn ásamt fleirum síðasta spölinn, sem hiklaust verði að telja þéttbýli, og þar sem þar að auki hafi verið farið að bregða birtu, verði að telja, að stefnandi hafi með slíku athæfi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og verði af þeim sökum að bera tjón sitt sjálfur. Ósannað sé, að maður hafi farið fyrir í rekstrinum og að slysið varð og hesturinn var laus á slystað sé afleiðing hreins kæruleysis við rekstur hestanna. Stefnðu vísa og til 63. gr. umferðarlaga máli sínu til stuðnings.

ÁLIT RÉTTARINS

Slys það, sem hér er fjallað um, varð á Reykjanesbraut skammt norðan Setbergsvogar. Reykjanesbrautin er hraðbraut, sem liggur um Hafnarfjörð og liggur yfirleitt nokkuð frá íbúðarhúsum eða þau snúa svo að brautinni og eru þannig girt af, að ekki á að vera hætta á ferðum smábarna þaðan út á brautina. Þá er ekk-

ert, sem skyggir á útsýnið yfir veginn, þá ekið er norður brautina frá Öldugötu að slyssað, vegurinn er á þessari leið upphækkaður og löng beygja á honum, en komið er úr beygjunni og á beinan veg, er slysið varð. Slysið varð, er bifreiðin R 4064 var rétt komin fram hjá gatnamótum Lækjargötu-Reykjanesbrautar og Setbergsvegar, en Reykjanesbraut er aðalbraut. Með því að veður var bjart og dagsbirta, páskadagsmorgunn, og því lítil umferð, verður ekki talið óeðlilegt, þó að ökumaður bifreiðarinnar R 4064 æki bifreiðinni með lögleyfðum hámarkshraða, 60 km miðað við klukkustund. Engu að síður bar ökumanni skylda til að sýna ýtrustu varkárni og vera við því búinn að draga úr hraða, þar sem blautt var og vegurinn því háll, hann ók fram hjá börnum, sem leiddu hjól í vegjaðrinum, og fór yfir gatnamót. Hann sá ekki hestana tvo, fyrr en um leið og þeir hlupu út á veginn, og hefur því ekki beint athygli sinni nægilega fram á og til hliðar við veginn, en lítið sem ekkert byrgir þarna útsýni og ökumaður því átt að geta séð hestana löngu áður en hann kom að þeim og verða við því búinn að stöðva bifreiðina alveg eða sveigja frá hestunum. Þá verður talið ósannað, að hann hafi hemlað með fullu átaki, þar sem þrátt fyrir bleytu á veginum hefði þá mátt merkja hemlaför eftir slíka hemlun. Ökumaður bifreiðarinnar verður því talinn eiga meginsök á slysinu með aðgæsluleysi sínu við aksturinn.

Hins vegar verður á það að líta, að samkvæmt 58. gr. lögreglusamþykktar Hafnarfjarðar nr. 80/1928 er bannað, að hestar gangi lausir á almannafæri í bæjarlandinu, og því er óhnekk, að hestur stefnanda ásamt öðrum hesti hlupu skyndilega út á veginn og í veg fyrir bifreiðina. Að hestur stefnanda er þarna laus, verður að kenna vangæslu af hans hendi. Hann hafði kvöldið áður týnt hestinum, er hann var ásamt félögum sínum að koma úr útreiðartúr. Leiðin, sem farin var frá Rjúpnahæð, verður enn að teljast utan þéttbýlis og svo nefndur Flóttamannavegur frá Rjúpnahæð að Kaldárselsvegi ekki mikið ekinn að vetrarlagi, en hann liggur nálægt þéttbýli, og frá honum liggja vegir bæði niður á Hafnarfjarðarveg og Reykjanesbraut, sem báðar eru hættulegar hraðbrautir. Umrædd leið er greið og vandalaust að ríða eftir henni með hesta í taumi. Stefnandi kvað þá, sem í reiðtúrnum hafi verið, til þæginda hafa sleppt öllum lausum hestum, þ. á m. umræddum hesti stefnanda, og frá Rjúpnahæð rekið þá á undan sér gamla Flóttamannavegin.

Samkvæmt 63. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, 58. gr. lögreglu-

samþykktar Hafnarfjarðar og 25. gr. lögreglusamþykktar Gullbringusýslu er bannað að skilja hesta eftir á vegi eða láta þá ganga lausa á umræddri leið. Stefnanda og félögum hans bar því að reka hestana, og þar sem leiðin er mjög nálægt þéttbýli og auðveldlega komist af henni út á tvær hraðbrautir, bar þeim að fylgja rekstrinum vel eftir og gæta þess sérstaklega, að hestar slyppu ekki úr rekstrinum. Lítt er upplýst í máli þessu, hvernig rekstrinum var háttað, en fullljóst þó að slæga hefur verið rekið af hálfu stefnanda, þar sem hann verður þess ekki áskynja fyrr en við hesthús sitt, að hestur hans er ekki með hinum lausu hestum, og veit þá ekki, hvar hann hafi farið úr hópnum né hvert. Þá hestar eru reknir, er venjan að halda þeim í hóp og ríða bæði á undan og eftir og til hliðar við þá og stjórna þannig ferð þeirra og fylgjast vel með, að enginn fari út úr hópnum, en gerist það, þá að fara þegar í stað að þeim hesti eða hestum, sem út úr hópnum fara, og ná þeim inn í hópinn aftur. Augljóst er, að rekstrinum hefur í umrætt sinn ekki verið hagað þannig, og telst því stefnandi eiga sök á því, að hestur hans var laus í bæjarlandi Hafnarfjarðar í umrætt sinn, og telst eiga nokkra sök á, að slysið varð, en ökumaður R 4064 þurfti ekki að vænta þess, að lausir hestar yrðu þarna á leið hans.

Þegar þetta er virt, þykir rétt að sök verði skipt í máli þessu þannig, að stefndu beri $\frac{3}{4}$ hluta tjónsins, en stefnandi $\frac{1}{4}$ hluta tjónsins, sbr. 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga.

Aðiljar málsins hafa orðið sammála, að hestur stefnanda hafi verið að verðmæti kr. 180.000, og telst það heildartjón hans.

Bifreiðin R 4064 skemmdist talsvert við slysið, og hefur stefndi Almennar Tryggingar h/f með reikningum sýnt fram á, að kostnaður við viðgerð hennar og flutning af slysstað nemi kr. 193.142, en frá dragist sjálfsábyrgð, kr. 15.000, og gera þeir kröfu til, að þetta tjón þeirra komi til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda. Reikningunum hefur ekki verið mótmælt, og með vísan til 49. gr. laga nr. 85/1936 þykir mega fallast á, að stefnanda beri að bæta stefndu tjón þeirra að $\frac{1}{4}$ hluta og komi það fé til frádráttar tildæmdum bótum til stefnanda.

Verður stefndu því dæmt að greiða in solidum stefnanda kr. 90.464 (kr. 180.000 ÷ kr. 45.000 ÷ kr. 44.536) með 14% ársvöxtum frá 30. mars 1975 til greiðsludags. Eftir atvikum þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda kr. 45.000 í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp á bæjarþingi Hafnarfjarðar 9. apríl 1976 Guðmundur L. Jóhannesson.

Dómsorð:

Stefndu, Halldór Magnússon og Almennar Tryggingar h/f, greiði in solidum til stefnanda kr. 90.464 með 14% ársvöxtum frá 30 mars 1975 og kr. 45.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. febrúar 1978.

Nr. 39/1976. **Hjálmar Gunnarsson**
(Jóhann H. Nielsson hrl.)
gegn
Jennýju Ásmundsdóttur og gagnsök
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Slit á sameign. Uppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 20. febrúar 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, „að synjað verði kröfu gagnáfrýjanda um, að m/b Sigurfari, SH 105, verði seldur á opinberu uppboði“. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 3. mars 1976. Hún krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný skjöl, þ. á m. lögskilnaðarleyfi gagnáfrýjanda og eiginmanns hennar, Karls Stefánssonar, frá 11. desember 1968.

Gagnáfrýjandi hefur þinglýsta eignarheimild að helmings- eignarhluta í v/b Sigurfara. Staðhæfingar aðaláfrýjanda um, að Karl Stefánsson hafi afsalað til hans eignarhluta sínum í bátnum, eru ósannaðar. Heimilt er að slíta sameign að v/b